

Ársskýrsla Siðanefndar heilbrigðisrannsókna á Landspítala 2019

Siðanefnd heilbrigðisrannsókna á Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr 44/2014 og reglugerð sama efnis nr 1186/2014. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og í samvinnu við tengdar menntastofnanir. Óheimilt er að framkvæma rannsókn á heilbrigðissviði nema hafa áður hlotið samþykki siðanefndar.

Alls voru haldnir 15 fundir á árinu 2019. Fjöldi erinda var sem hér segir:

Nýjar umsóknir	54
Þar af 3 vísað til Vísindasiðanefndar eftir yfirferð	
Viðbætur/breytingar	30
Fyrirspurnir	45
Samtals	130

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 6 ár.

2014	2015	2016	2017	2018	2019
53	49	56	58	63	54

Nýjar umsóknir voru 54 á árinu. Af nýjum umsóknum voru grunnnámsverkefni 12 og 26 meistara og doktorsverkefni. Heildarfjöldi umsókna var líkur því sem verið hefur síðustu ár.

Afgreiðsla umsókna var sem hér segir:

Samþykkt án athugasemda	6
Samþykkt með athugasemdum	37
Óskað frekari upplýsinga	1
Beðið um endurbætta umsókn	10

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur lét af störfum fyrir nefndina þar sem hann fór á eftirlaun. Við hans sæti tók Pétur S. Gunnarsson, lyfjafræðingur.

Bryndís Valsdóttir sem fékk leyfi frá nefndarstörfum í ágúst 2018 kom aftur til starfa en Svava Sigurðardóttir sjúkraþjálfari og doktorsnemi í hagnýtri siðfræði hafði leyst hana af. Þóra Steingrímsdóttir steig til hliðar í lok desember og Sædís Sævarsdóttir gígtarlæknir, varamaður hennar tók við sem aðalmaður. Útvega þarf varamann fyrir Sædís. Elísabet Guðmundsdóttir steig til hliðar sem aðalmaður og Þórunn Scheving Elíasdóttir hjúkrunarfræðingur tók sæti hennar en Elísabet tók sæti sem varamaður Þórunnar.

Nefndarmenn í árslok eru:

Ólafur Samúelsson, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn

Magnús Haraldsson læknir, varamaður
Sverrir Harðarson læknir er varaformaður

Sverrir Harðarson læknir, tilnefndur af lækna ráði

Sigrún Reykdal læknir, varamaður

Þórunn Scheving Elíasdóttir hjúkrunarfræðingur, forstöðumaður fræðasviðs í svæfingu- og skurðhjúkrun, tilnefnd af hjúkrunarráði.

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Helga Þórðardóttir lögfræðingur, tilnefnd af framkvæmdastjórn

Í fæðingarorlofi Helgu leysir Ingibjörg Lárusdóttir hana af
Oddur Gunnarsson lögfræðingur, varamaður

Pétur S Gunnarsson, lyfjafræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn.

Ólöf Ámundadóttir sjúkraþjálfari, varamaður

Sædís Sævarsdóttir, gigtarlæknir, tilnefnd af Háskóla Íslands

Ath – vantar varamann fyrir Sædísi

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu

Rúnar Vilhjálmsson prófessor, varamaður.

Forstöðumaður siðanefndar heilbrigðisrannsókna á Landspítala:

Tinna Eysteinsdóttir, doktor í næringarfræði

Í fæðingarorlofi Tinnu til 11. apríl 2020 leysir Sveinbjörg Halldórsdóttir næringarfræðingur hana af.

Reykjavík, 8. apríl 2020



Ólafur Samúelsson, formaður

Sveinbjörg Halldórsdóttir, staðgengill
forstöðumanns.